

325. mál

1. gr. frumvarpsins gæti eftir fundinn í dag hljóðað svo:

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 45. gr. er framhaldsskólum heimilt fram til loka skólaársins 2011-2012 að taka sérstakt gjald af nemendum sem nema má allt að 7.500 kr. á námseiningu en þó aldrei hærra en leiðir af meðalframlagi á ársnemenda hvers skóla eins og það er ákveðið í fjárlögum hvers árs.

Skýring.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að fjárhæð gjaldsins megi miðast við allt að þriðjung af meðalkennsluframlagi á nemanda á framhaldsskólastigi samkvæmt fjárlögum miðað við fullt nám. Ef nemandi er ekki í fullu námi skal gjaldið reiknast hlutfallslega miðað við fjölda námseininga. Í eldri lögum um framhaldsskóla var við það miðað að fjárhæð gjaldsins gæti numið þriðjungi kennslulauna vegna kennslu í öldungakennslu, sbr. ennfreður 8. gr. reglugerðar nr. 279/1997, um fullorðinsfræðslu og endurmenntun. Í framkvæmd gat kostnaður milli skóla því verið mismunandi og því mun við ákvörðun gjaldsins hafa verið miðað við meðalframlag á nemenda eins og það var ákveðið í fjárlögum hvers árs. Í frumvarpi til fjárlaga ársins 2010 er meðalframlag á nemanda ákveðið 758.000 kr. miðað við heilt skólaár (bls. 257 í fjárlagafrumvarpi). Í stað þess að miða hámark gjaldsins við allt að þriðjung af meðalframlagi á ársnemanda á framhaldsskólastigi samkvæmt fjárlögum miðað við fullt nám er lagt til að fjárhæð gjaldsins miðist við námseiningu. Fullt nám í framhaldsskóla miðað við heilt skólaár eru 35 einingar. Samkvæmt því er rétt að miða við að fjárhæð gjaldsins megi nema allt að 7.500 á hverja námseiningu en námsáfangar í framhaldsskóla eru almennt 3 einingar. Þar sem meðalframlag til hvers skóla er mismunandi þykir rétt að taka fram að hámarks fjárhæð gjaldsins megi þó aldrei vera hærra en sem leiðir af meðalframlagi til hvers skóla í fjárlögum. Sé meðalframlag skóla t.d. ákveðið 730.000 kr ætti hámarksfjárhæð gjaldsins að taka mið af því eða 6.883 kr.

þv